

## REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo: Umhverfis- og orkustofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar, söfnunarstöðvar og bílapartasölur.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

- a. Í stað orðanna “Umhverfisstofnunar og viðkomandi heilbrigðisnefndar” í 3. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
- b. Í stað orðsins “Umhverfisstofnun” í 4. mgr. 8. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. 4. málsl. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

10. gr. orðist svo: Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

4. gr.

*Lagastoð, gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 6. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, 43. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [ ] 2026*